

Minnisspjald fyrir sjúklinga sem á sérstaklega við í tengslum við þungun

FINGOLIMOD ZENTIVA

ZENTIVA



Fingolimod Zentiva (fingolimod)

ÁÐUR EN MEÐFERÐ MEÐ FINGOLIMOD ZENTIVA ER HAFIN

- Þungaðar konur og konur sem geta orðið þungaðar (unglingsstúlkur meðtalдар) og nota ekki örugga getnaðarvörn eiga ekki að nota Fingolimod Zentiva.
- Fingolimod Zentiva er vansköpunarvaldandi (efni sem veldur skaða eða óeðlilegum þroska fósturvísisins eða fóstursins eftir útsetningu á meðgöngu, sem leiðir til fæðingargalla eða vansköpunar).
- Læknirinn upplýsir þig um áhættu á vansköpun af völdum Fingolimod Zentiva og nauðsynlegar aðgerðir til þess að lágmarka þá áhættu, áður en meðferð hefst og reglulega eftir það.
- Áður en meðferð hefst verður læknir að staðfesta að neikvætt þungunarpróf liggi fyrir.
- Mikilvægt er að nota örugga getnaðarvörn meðan á notkun Fingolimod Zentiva stendur og í 2 mánuði eftir að notkun er hætt til að koma veg fyrir þungun. Læknirinn veitir ráðgjöf varðandi örugga getnaðarvörn.
- Vinsamlegast lestu vandlega yfir bæklinginn Leiðbeiningar fyrir sjúklinga sem læknirinn lætur þig hafa.

Á MEÐAN ÞÚ TEKUR FINGOLIMOD ZENTIVA

- Konur mega ekki verða þungaðar á meðan á meðferð stendur og í 2 mánuði eftir að meðferð hefur verið hætt.
- Sjúklingar verða að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með Fingolimod Zentiva stendur og í 2 mánuði eftir að notkun er hætt til að koma í veg fyrir þungun.
- Þungunarpróf verður að endurtaka með reglulegu millibili.
- Læknirinn veitir ráðgjöf með reglulegu millibili varðandi hættuna á því að Fingolimod Zentiva skaði ófætt barn ef þú yrðir þunguð og nauðsynleg viðbrögð til að draga úr slíkri hættu.

- Ef þú verður þunguð eða óskar eftir því að verða þunguð verður að ræða við lækinn því hætta þarf meðferð með Fingolimod Zentiva.

Gerðu læknum tafarlaust viðvart ef þú telur að þú sért þunguð. Læknirinn veitir ráðgjöf ef þungun á sér stað og leggur mat á útkomu þungunar.

EFTIR AÐ MEÐFERÐ MEÐ FINGOLIMOD ZENTIVA ER HÆTT

- Láttu lækinn tafarlaust vita ef þú heldur að MS sjúkdómurinn fari versnandi (t.d. máttleysi eða breytingar á sjón) eða ef þú tekur eftir einhverjum nýjum einkennum eftir að þú hættir á meðferð með Fingolimod Zentiva vegna þungunar.
- Konur sem geta orðið þungaðar verða að nota örugga getnaðarvörn í að minnsta kosti 2 mánuði eftir að meðferð lýkur vegna tímans sem það tekur Fingolimod Zentiva að fara úr líkamanum.

